

Nr. 19-034 S 023 Margrét EA 710***Skipverji slasast við fall***

Skipaskr.nr. 2903
IMO: 9147150
Útgerð: Samherji Ísland
Smíðaður: Noregi 1996, stál.
Stærð: 2060,14 bt.
Mesta lengd: 72,80 m *Skráð lengd:* 65,78 m
Breidd: 13,0 m *Dýpt:* 8,3 m
Vél: Wartsila, 3440 kW 1996
Fjöldi skipverja: 9



Margrét © Þorgeir Baldursson

Gögn:
Gögn RNSA

Málið afgreitt á fundi 1. nóvember 2019 af Geirþrúði Alfreðsdóttur, Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrassyni og Pálma K Jónssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.

Atvikalýsing:

Þann 6. mars 2019 var uppsjávarskipið Margrét EA 710 á flottrollsveiðum um 200 sjómílum vestur af Írlandi. Veður: 12 -14 m/s.

Skipverjar voru að láta trollið fara þegar einn þeirra féll í þilfarið og fékk högg á andlitið. Saumuð voru átta spor í efri vör.

Við rannsókn kom fram:

- að skipverjinn féll á fótreiðið (keðja) á trollinu;
- að sögn hans hafði verið glussaleki og þilfarið verið sleipt. Þegar verið var að láta veiðarfærið fara skrikaði honum fótur líklega vegna glussans;
- að það hafði farið að leka glussarör sem búið var að lagfæra en átti eftir að þrifa þilfarið betur.

Nefndarálit:

Málið hefur verið skráð en gefur ekki tilefni til frekari rannsóknar.